

4. janúar 1973.

5

Nr. 5.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 129 9. júlí 1971 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

9. grein reglugerðarinnar verði 10. gr.

2. gr.

Ný grein, sem verður 9. gr., hljóði svo:

Ísvari og frostlögur.

9. gr.

Eigi má selja á frjálsum markaði undir vöruheitinu „Ísvari“ annað efni en ísóprópanól (ísóprópýlalkóhól), er mengað hefur verið að 3 hundradshlutum með metýlisóbútýlketón og litað með grænum lit (Spritgrün IV, B.A.S.F.) í magninu 10 míkró/ml eða sambærilegum lit. Ílát undir ísvara skulu á áberandi hátt vera auðkennnd orðunum VARÚÐ — HÆTTULEGT, sem letrað er stórum, hvítum eða ljósum stöfum á svartan eða dókkbláan grunn. Neðan við þessa áletrun skal enn fremur áletra ílát um ísvara: „Óhæft til drykkjar — geymið þar, sem börn ná ekki til“. Áletrun þessi skal vera með miðlungsstóru rauðu lettri á hvítan eða ljósan grunn.

Ef etýlenglýkól er selt á frjálsum markaði sem frostlögur á kælikerfi vélknúinna ökutækja, skal merkja ílát um frostlöginn sömu varnaðarorðum og að framan greinir varðandi ísvara.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. janúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.